



**Ágæta fjárlaganefnd, þingmenn.**

**Reykjavík 18. október 2024**

Fyrir hönd Íþróttasambands fatlaðra (ÍF) kt. 620579-0259 leyfi ég mér undirritaður, formaður sambandsins, að koma með ábendingu og gera athugasemdir við lið 18 „Menning, listir, íþróttar- og æskulýðsmál“ í A1-hluta fjárheimilda ríkissjóðs eftir málaflokkum og ráðuneytum.

Ábending mín og athugasemd fjallar um van fjármögnun í lið 18.40 Íþróttar- og æskulýðsmál. Ljóst er þeim sem vilja skoða, að hækkanir undanfarinna ára á fjárveitingum til íþróttamála eru ekki einu sinni að mæta verðlags-/launahækkunum í samfélaginu. ÍF hefur árlega verið einn þeirra aðila sem gert hafa „Styrktar- og samstarfssamning“ við Mennta- og barnamálaráðuneyti (íþróttamál). Segja má að árleg styrktar- og samningsupphæð hafi nánast staðið í stað frá árinu 2017, en upphæðin þá var kr. 37.100.000,- en nú í ár, 2024, var upphæðin kr. 40.086.000- . Á þessum sjö árum hafa laun hækkað verulega og allur rekstrarkostnaður aukist til muna. Frumvarp gerir ráð fyrir að ÍF fái 40 milljónir sléttar í rekstrarfé árið 2025.

Að afloknum Ólympíuleikum og Ólympíumóti fatlaðra (Paralympics) hefst ný ólympíuáða (4 ár) og eftir í Ríó í Brasilíu 2016 fékk ÍF nokkra hækkun og hafði því verið þannig hátt að styrkupphæð fékk ákveðna „endurskoðun“ til hækkunar í upphafi nýrrar Ólympíuöðu. Það var hins vegar ekki gert að afloknum Ólympíuleikum í Tókýó í Japan 2020 sem frestuðust til 2021 vegna Covid faraldursins. Ljóst má vera að þörf fyrir hækkun er umtalsverð enda hefur frá árinu 2017 ekki verið haldið í við launa- og/eða framfærsluvísitölu. ÍF fer því fram á að fjárlaganefnd leggi til verulega hækkun til handa sambandinu fyrir fjárlögin 2025 sem og í fjármálaáætlun næstu ára.

Íþróttahreyfingin hefur í gegnum tíðina stólað á fjárveitingar frá hinu háa Alþingi til að tryggja sinn grunnrekstur en það verður að segjast að framlögð fjárlög eru á engan hátt að mæta þeirri þörf sem til staðar er hjá íþróttahreyfingunni sem hefur verið í fjársveldi mörg undarfarin ár. Við gagnrýnum metnaðarleysi fjárveitingarvaldsins gagnvart íþróttahreyfingunni, þessari stærstu fjöldahreyfingu á Íslandi, þar sem sjálfbóðaliðastarf ber uppi mikinn hluta starfseinnar. En íþróttahreyfingunni er nauðsynlegt að ráða sérfræðinga til starfa í lykilhutverk til að halda utan um rekstur, þjálfun og alla þá umsýslu sem fylgir slíkri starfsemi.

Við skorum á fjárveitingarvaldið til að gera betur í að styrkja íþróttir í landinu. Við teljum það hógværa kröfu af okkar hálfu að fara fram á að Íþróttasamband fatlaðra verði í það minnsta úthlutað 50 milljónum fyrir sína starfsemi árið 2025. Það er hógværa hækkun að fara úr 37 milljónum 2017 í +50 milljónir árið 2025.

## Sérstaða íþróttasambands fatlaðra

Íþróttasamband fatlaðra var stofnað af íþróttahreyfingunni. ÍF er jafnan kallað „litla ÍSÍ“ þar sem ÍF hefur yfirumsjón með öllum íþróttum fatlaðra á Íslandi. ÍF er um leið í yfirgripsmiklu samstarfi við önnur sérsambönd og héraðssambönd.

Ein af sérstöðum ÍF er sú staðreynd að íþróttafólk úr röðum fatlaðra hafa mörg hver þörf fyrir sérstæka aðstoð eins og nærþjónustu eða jafnvel þjónustu sem krefst keppnisfélaga (guide) eins og t.d. í blindrahlaupi og fleiri greinum. Af þessum sökum hefur þátttökukostnaður ÍF í erlendu mótahaldi farið vaxandi á síðustu árum eins og sjá má frá ársreikningum ÍF undangengin ár:

**2017: Þátttaka í erlendum mótum: 12.700.000,- og Ólympíu- og afreksráð ÍF kr. 11.200.000,-**  
**2018: Þátttaka í erlendum mótum: 19.000.000,- og Ólympíu- og afreksráð ÍF kr. 14.600.000,-**  
**2019: Þátttaka í erlendum mótum: 24.400.000,- og Ólympíu- og afreksráð ÍF kr. 30.400.000,-**  
**2020: Þátttaka í erlendum mótum: 5.600.000,- og Ólympíu- og afreksráð ÍF 29.800.000,-**  
***(Ath kostnaður lækkaði 2020 vegna gríðarlegra ferðatakmarkana á heimsvísu)***  
**2021: Þátttaka í erlendum mótum: 12.700.000 og Ólympíu- og afreksráð ÍF 46.200.000,-**  
**2022: Þátttaka í erlendum mótum: 18.000.000 og Ólympíu- og afreksráð ÍF 43.400.000,-**  
**2023: Þátttaka í erlendum mótum: 22.900.000 og Ólympíu- og afreksráð ÍF 36.200.000,-**

Ofangreindan kostnað má rekja til hækkun flugfargjalda, gistináttaskatta erlendis, aukins launakostnaðar aðstoðarfólks og þörfinni á stöðugri þátttöku afreksfólks í sértilgreindum mótum er varðar lágmörk og möguleika þess að tryggja sér og Íslandi þátttöku í stórmótum.

Hjá Íþróttasambandi fatlaðra eru tvö stöðugildi við afreksmál og samtals eru stöðugildi ÍF fjögur en þess má geta að hjá frændþjóðum okkar á Norðurlöndum er Íþróttasamband fatlaðra í Svíþjóð (ParaSport Sverige) með 30 starfsmenn. Viðlíka fjölda má finna hjá Norðmönnum, Dönnum og Finnum.

Sem „litla ÍSÍ“ er Íþróttasamband fatlaðra í starfsemi sinni aðili að fjölmörgum alþjóðasamtökum eins og Alþjóða Ólympíuhreyfingu fatlaðra (IPC), Special Olympics, VIRTUS (Samtök þroskahamlaðra íþróttmananna) og IBSA (samtök blindra og sjónskertra) ásamt fleirum. Þannig er ÍF málsvari íþróttu fatlaðra á Íslandi á erlendum vettvangi og því óhjákvæmilegt annað en að vera virkur meðlimur í þessum samtökum með tilheyrandi kostnaði. Einnig er ÍF aðili að mjög sterku formlegu samstarfi sem heitir ParaSport Norden með öllum Norðurlandþjóðunum sem skipuleggja Norðurlandamót og aðra íþróttatengda viðburði.

Flokkunarmál eru stór kostnaðarliður þegar kemur að sérstöðu ÍF en íþróttafólk úr röðum fatlaðra fær ekki að fara til keppni nema að undangenginni flokkun. Slíkar flokkanir eru aðeins framkvæmdar af fagaðilum svo sem læknum, augnlæknum og eða sálfræðingum. Þar af leiðandi skipar fagteymi ofangreindra aðila ÍF óhjákvæmilega stóran hlut í afreksstarfi fatlaðra en slík þjónusta ber með sér umtalsverðan kostnað.

## Afreksstarf í íþróttum á Íslandi, til framtíðar

**Íþróttasamband fatlaðra er eitt af A-samböndum ÍSÍ hjá Afrekssjóði. Neðangreint er sameiginleg sýn íþróttahreyfingarinnar um afreksstarf í íþróttum til framtíðar og tekur ÍF heilshugar undir.**

Unnið hefur verið að bættri umgjörð afreksíþróttá á Íslandi í tvö ár og gríðarmikið starf liggur að baki þeirrar vinnu. Starfshópur á vegum mennta- og barnamálaráðuneytis var skipaður í janúar 2023 um stöðu og réttindi afreksíþróttafólks og skilaði hópurinn skýrslu í apríl 2024 þar sem staðan í málaflokkinum var skýrð og margar tillögur voru settar fram um aðgerðir til að efla og styrkja afreksíþróttastarfið í landinu. Miklar væntingar eru af hálfu íþróttahreyfingarinnar um framgang þessara tillagna enda um umbyltingu að ræða í umgjörð afreksíþróttafólks á Íslandi. Markmiðið með þessari vinnu er að gera umgjörð um íslenskt afreksíþróttafólks sem næst sambærilega við það sem er hjá þjóðum sem viðberum okkur helst saman við. Tillögurnar fela meðal annars í sér:

- Stofnun Afreksíþróttamiðstöðvar Íslands. Mikilvægt hlutverk hennar er að styrkja sérsambönd og íþróttafélög að sinna sínu afreksstarfi. Einnig að bæta umhverfi og efla starfsumhverfi íþróttþjálfarans, með því að efla menntun, þekkingu og hæfni þeirra. Þar mun starfa öflugt fagteymi sérfræðinga og ráðgjafa frá átta ólíkum fagsviðum íþróttá.
- Hækkun framlags til Afrekssjóðs ÍSÍ.
- Stofnun launasjóðs afreksíþróttafólks og þjálfara til að styðja viðafreksíþróttafólkið og tryggja þeim vinnumarkaðstengd réttindi.
- Aukið fjármagn til íþróttahreyfingarinnar til að lágmarka kostnaðarþátttöku iðkenda í landsliðsstarfi. Háar greiðslur foreldra vegna þátttöku barna og unglunga í landsliðsverkefnum eru til þess fallnar mismuna einstaklingum eftir fjárhag foreldra.
- Aukið fjármagn til ferðasjóðs íþróttafélaga til að koma til móts við aukinn ferðakostnað einstaklinga og félaga af landsbyggðinni.
- Hækkun fjárframlags til reksturs sérsambanda.
- Hvatakerfi sem hefur það að markmiðið að efla og styrkja afrekssvið framhaldsskólanna.
- Efling samvinnu og tengsla Afreksmiðstöðvar við grunnskólastigið og þjálfun ungmenna í íþróttafélagunum, auk foreldrafræðslu.
- Aðgerðir til að hlúa að efnilegu íþróttafólki og draga úr brotthvarfi unglunga úr íþróttum.

Mikil vinna hefur verið lögð í að kynna tillögur starfshópsins fyrir öllum þingflokkum og að störfum er þverpólitísk þingmannanefnd sem unnið hefur að málinu.

Gríðarlega mikilvægt er að halda takti í þessari vinnu svo hægt verði að ná þeim árangri sem stefnt hefur verið að enda hefur mikil orka og tími farið í undirbúning þess og úrvinnslu.

Krafa er gerð um að íþróttahreyfingin fái þann stuðning sem rætt hefur verið um til að hægt verði að tryggja faglegt og gott afreksíþróttastarf í landinu. Til þess þarf stórukið fjármagn til málaflokksins eins og kynnt hefur verið.

Það væri mikill skaði fyrir hreyfinguna ef tímabundið ástand á Alþingi leiddi til þess að þessi áform verði að engu.

Vert er að minna á að í núverandi stjórnarsáttmála kemur fram að unnið verði með félagasamtökum að því að efla umgjörð um afreksstarf íþróttafólks. Þá kemur fram í fjármálaáætlun 2025 - 2029 að meginmarkmið stjórnvalda á sviði íþróttá- og æskulýðsstarfs er að auka gæði og styrkja faglega umgjörð um skipulagt íþróttá- og æskulýðsstarf.



***Með íþróttakveðju,  
Fyrir hönd Íþróttasambands fatlaðra,***

***Þórður Árni Hjaltested, formaður ÍF.***